

Ár 2007, þriðjudaginn 13. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Bjarnasyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að skera úr um hvort heyra skuli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör aðstoðarríkislögreglustjóra

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Um leið féllu úr gildi lög nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara samkvæmt 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir, sbr. 5. gr. laga um kjararáð.

II.

Kjararáði barst bréf frá dómsmálaráðuneytinu dagsett 21. desember 2006 þar sem tilkynnt var að ráðherra hefði flutt sýslumanninn á Ísafirði í embætti aðstoðarríkislögreglustjóra frá og með 1. janúar 2007, en hann yrði jafnframt staðgengill ríkislögreglustjóra. Þess var farið á leit við kjararáð að það ákvæði laun aðstoðarríkislögreglustjóra.

Þar sem um nýtt embætti er að ræða tók kjararáð til skoðunar í samræmi við 5. gr., sbr. 4. gr. laga um kjararáð hvort heyra skyldi undir það að ákveða laun og starfskjör aðstoðarríkislögreglustjóra. Með bréfum dagsettum 15. janúar 2007 gaf kjararáð dómsmálaráðuneytinu og aðstoðarríkislögreglustjóra kost á að koma sjónarmiðum á framfæri vegna málsins. Með bréfi dagsettu 22. janúar 2007 var fjármálaráðuneytinu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri.

Bréf dagsett 22. janúar 2007 barst frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Í bréfinu sagði að staða aðstoðarríkislögreglustjóra teldist frá 1. janúar 2007 til embættis í skilningi laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 39. gr. laganna komi fram að laun og önnur launakjör embættismanna skuli ákveðin af kjararáði, enda geti þau ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfsanna eða samningsstöðu. Ráðuneytið telji að sömu sjónarmið eigi að þessu leyti við um embætti aðstoðarríkislögreglustjóra og um embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sbr. úrskurð kjararáðs um síðarnefnt embætti frá 5. desember sl.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins dagsettu 26. janúar 2007 sagði að staða aðstoðarríkislögreglustjóra teldist til embættis í skilningi laga nr. 70/1996. Kjararáð ákveði laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem heyra undir ráðið samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/2006 og ekki falla undir 3. gr. og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfsanna eða samningsstöðu. Ákvarðanir um laun og starfskjör næstráðenda séu oftast ákvörðuð samkvæmt kjarasamningum þó svo að nokkur dæmi séu um að kjararáð ákvarði þau. Var það sjónarmið ráðuneytisins að eðlilegt væri að kjararáð horfði til þessa við athugun á því hvort kjararáð skyldi ákvarða laun og starfskjör aðstoðarríkislögreglustjóra.

Í bréfi aðstoðarríkislögreglustjóra dagsettu 22. janúar 2007 sagði að með vísan til laga 47/2006 um kjararáð og lögregluglaga nr. 90/1996 með síðari breytingum verði að telja að það falli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör aðstoðarríkislögreglustjóra.

III.

Lögregluglögum nr. 90/1996 var breytt með lögum nr. 46/2006. Með þeim voru gerðar breytingar á innra og ytra skipulagi lögreglunnar. Heiti vararríkislögreglustjóra var breytt í aðstoðarríkislögreglustjóra. Aðstoðarríkislögreglustjórar eru ríkislögreglustjóra til aðstoðar og skal einn þeirra vera staðgengill hans, sbr. 5. gr. lögregluglaga, sbr. 1. gr. breytingarlaganna.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 ákveður kjararáð laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. laganna.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 47/2006 um kjararáð segir að meginreglan á vinnumarkaði, hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum, hljóti að vera samningsfrelsi og að laun og starfskjör séu ákveðin í frjálsum samningum. Undantekninguna sem löggin mæli fyrir um verði að skýra þröngt. Í 4. gr. komi fram hverjir aðrir en æðstu handhafar ríkisvaldsins, sbr. 3. gr., skuli heyra undir löggin. Meginreglan sé sú að það séu þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo sé háttáð um að laun þeirra og starfskjör geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða misvægis samningsstöðu. Við mat á því hverjir falli undir ákvæði 4. gr. sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegni störfum sem ekki megi falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegni störfum sem feli í sér fyrirvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum.

Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun, sbr. 31. gr. lögregluglaga nr. 90/1996. Aðstoðarríkislögreglustjórar fara með lögregluvald samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna og teljast til lögreglumanna ríkisins, sbr. 3. gr. laganna. Dómsmálaráðherra skipar lögreglustjóra og yfirlögregluþjóna en ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn. Ríkislögreglustjóri sem yfirmaður embættisins fer með fyrirvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn þess í kjaramálum. Aðstoðarríkislögreglustjórar fara ekki formlega með slíkt fyrirvar frekar en næstráðendur hjá öðrum embættum eða stofnunum ríkisins. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða kjararáðs að störf aðstoðarríkislögreglustjóra séu ekki þess eðlis að heyra skuli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör þeirra, sbr. 4. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð.

IV.

Úrskurðarorð

Ákvörðun launa og starfskjara aðstoðarríkislögreglustjóra heyrir ekki undir kjararáð.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Bjarnason

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir